Akraneskaupstaður

| Skjal nr. | Mótt. af | Mótt. dags. |
|---|---|---|
| 5.0 | Ragna H | 19.03.25 |
| Ábm. | Úrv.aðili | Málsnr. One |
| SA | SA | 2503222 |


# Erindi til bæjarráðs

## Púttaðstaða fyrir FEBAN

Mikil ásókn hefur verið meðal félagsmanna FEBAN í púttaðstöðu á Garðavelli.

Stjórn og púttnefnd FEBAN vill í samvinnu við Akraneskaupstað og golfklúbbin Leyni reyna að koma púttaðstöðu okkur á svæðinu í fastari skorður.

- Nú er púttvöllur á svæðinu 9 holur en ekki 18 holur. Þetta takamarka eðlilega aðgengi að púttflötinni og skerðir mjög æfingar okkar félaga. Ennfremur erum við ekki í stakk búinn að halda púttmót á þessum velli. Getið skal þess að félagar okkar eru virkir í að taka þátt í púttmótum utan okkar sveitarfélags.

- Óskað er eftir að aðstaðað okkar á Garðavelli sé bætt til muna. Til dæmis mætti skoða hvort möguleiki sé á annarri púttflöt á svæðinu, hvort stækka megi núverandi púttflöt þ.a. hún verði 18 holur í stað 9 holur eins og hún er í dag.

- Ennfremur verði skoðaður möguleiki á púttflöt annarsstaðar í bænum eins og hefð er fyrir hjá öðrum bæjarflélögum.

- Óskað er eftir því að FEBAN fái aðgang að núverandi púttvelli a.m.k. tvisvar í viku. Hleypt verði inn á völlinn við fyrsta tækifæri á vordögum.

- Varðandi púttastöðu í kjallara frístundamiðstöðvar á Garðavöllum er nauðsynlegt að FEBAN fái aðgang að talnakerfinu í kjallaranum en svo er ekki í dag.

**Svæði fyrir púttvelli á Akranesi:**



Myndin sýnir núverand púttflöt á Garðavelli, ásamt hugsanlegu svæði við hlið bílastæðis.

***Síðan má að sjálfsögðu skoða fleiri kosti í bænum.***

Það er okkur ósk að bæjaryfirvöld taki vel í málaleitan okkar. Mikill almennur áhugi er hjá okkar félagsmönnum á að þessi aðstaða verði góð og okkur öllum til sóma.

Akranesi 14.3.2025

Ragnheiður Hjálmarsd.
**Formaður FEBAN**

Kolbrún Sigurðardóttir
**Púttnefnd FEBAN**